# Guðsþjónustur

LAUGARDAGUR 22. DESEMBER 2018



## Upplifði kraft guðs

Séra Dís Gylfadóttir upplifði sín fyrstu jól sem prestur í fyrra þegar hún messaði yfir tvö hundruð manns í miðnæturmessu í Lindakirkju. Hún segir jólaguðspjallið eiga vel við í dag enda boði það nýja von. ➔2

MYND/SIGTRYGGUR ARI


## Helgihald í Breiðholtskirkju



**Aðfangadagur** 24. des.
**Aftansöngur** kl. 18
- Prestur sr. Magnús Björn Björnsson
- Organisti Örn Magnússon
- Kór Breiðholtskirkju syngur
- Sönghópur kirkjukrakkanna syngur undir stjórn Bjargar Pétursdóttur

**Jóladagur** 25. des.
**Hátíðarguðsþjónusta** kl. 14
- Prestur sr. Magnús Björn Björnsson
- Organisti Örn Magnússon
- Kór Breiðholtskirkju syngur

**Annar jóladagur** 26. des.
**Jólaguðsþjónusta á ensku** kl. 14
*Alþjóðlegi söfnuðurinn í Breiðholtskirkju*
- Prestur innflytjenda sr.Toshiki Toma

**Gamlársdagur** 31. des.
**Aftansöngur** kl. 18
- Prestur sr. Magnús Björn Björnsson
- Organisti Örn Magnússon
- Kór Breiðholtskirkju syngur

Sólveig Gísladóttir
solveig@frettabladid.is



Dís útskrifaðist úr guðfræði fyrir fjórum árum en fékk úthlutað brauði í Lindakirkju í nóvember í fyrra. Hún er því að upplifa sín önnur jól sem prestur. „Aðventan í kirkjunni er ótrúlega skemmtilegur tími. Hér er mikið um að vera, við fáum skóla- og leikskólaheimsóknir og héldum vel heppnaða aðventuhátíð til styrktar Hjálparstarfi kirkjunnar. Þann daginn voru þúsund manns í kirkjunni yfir daginn.“

Á aðfangadag sjálfan eru þrjár messur í Lindakirkju sem um 1.200 manns sækja. Klukkan 16 er fjölskyldumessa, aftansöngur klukkan 18 og miðnæturmessa klukkan 23.30. Prestarnir þrír í kirkjunni skipta verkum á milli sín og í fyrra messaði Dís í miðnæturmessunni og í sveitamessu á annan í jólum. „Miðnæturmessan var yndisleg, allir svo slakir enda búið að opna alla pakkana og borða góðan mat,“ segir Dís sem kunni því vel að standa fyrir framan nokkur hundruð manns um miðnæturbil. „Ég er ekki mikið fyrir athygli en mér líður afar vel í þessum aðstæðum enda finnst mér ég vera að sinna því sem mér var ætlað.“

*En hvað með jólaguðspjallið, á það við í dag?* „Já, það á alltaf við. Það segir frá því þegar frelsarinn fæddist og kom með nýja von. Við getum alltaf fundið von í trúnni og guðspjöllunum.“

## Lifandi trú

Dís hefur lengi verið staðföst í sinni trú enda hefur hún sjálf fengið að upplifa kraft guðs. „Ég slasaðist alvarlega í bílslysi þegar ég var 19 ára. Ég varð blind til helmings á báðum augum. Þá var beðið fyrir mér og sjónsvið mitt opnaðist. Við það sannfærðist ég um að guð væri raunverulegur og hjá mér kviknaði lifandi trú.“

Hún ákvað þó ekki þá að fara í guðfræði heldur byrjaði að læra þroskaþjálfun. „Ég fann mig ekki í náminu og bað þá guð að opna augu mín fyrir hans vilja. Á þeim tíma kom prestur fatlaðra í tíma til okkar. Eftir tímann sátum við og spjölluðum og ég ákvað í kjölfarið að breyta um stefnu og fara í guðfræði. Þar fann ég mig um leið og í fyrsta sinn í langan tíma langaði mig að vita allt sem stóð í skólabókunum,“ lýsir Dís.

„Ég hef fengið að upplifa kraft guðs og er sannfærð um að hann sé til og elski mig og okkur öll. Að hann vilji okkur aðeins það besta og að við getum leitað til hans í öllum aðstæðum,“ segir Dís.

## Hlustar á útvarpsmessuna

Í ár messar séra Dís í Lindakirkju klukkan 11 á jóladag og gamlársdag klukkan 17. Á aðfangadag verður hún því í faðmi fjölskyldu sinnar og hlustar á messuna í útvarpinu. „Ég ólst upp við þann sið að hlusta á messuna í útvarpinu yfir borðhaldinu,“ segir Dís en hún og maður hennar eiga bæði börn saman og stjúpbörn og því jólin ekki eins frá ári til árs. „Stundum er hér fullt hús en önnur jól erum við aðeins þrjú saman, en alltaf er þetta yndislegur tími.“

Ein hefð er þó ávallt í hávegum höfð og það er matseðillinn. „Við borðum alltaf humarsúpu í forrétt, hamborgarhrygg í aðalrétt og jólaís í eftirrétt, og þetta er bara borðað einu sinni á ári,“ segir Dís glettin og óskar landsmönnum gleðilegra jóla.



**„Ég slasaðist alvarlega í bílslysi þegar ég var 19 ára. Ég varð blind til helmings á báðum augum. Þá var beðið fyrir mér og sjónsvið mitt opnaðist. Við það sannfærðist ég um að guð væri raunverulegur og hjá mér kviknaði lifandi trú,“ segir séra Dís Gylfadóttir, prestur í Lindakirkju.** MYND/SIGTRYGGUR ARI


# Jól og áramót í Hallgrímskirkju

**24. desember. Aðfangadagur jóla**
**Aftansöngur kl. 18.00**
*Sr. Irma Sjöfn Óskarsdóttir prédikar og þjónar fyrir altari.*
Mótettukór Hallgrímskirkju.
Stjórnandi: Hörður Áskelsson.
Barna- og unglingakór Hallgrímskirkju.
Stjórnandi: Helga Vilborg Sigurjónsdóttir.
Organisti: Björn Steinar Sólbergsson.
Margrét Helga Kristjánsdóttir leikur á flautu.
Björn Steinar Sólbergsson leikur á undan athöfn.

**24. desember. Aðfangadagur jóla**
**Miðnæturguðsþjónusta á jólanótt kl 23.30**
*Dr. Sigurður Árni Þórðarson prédikar og þjónar fyrir altari.*
Schola cantorum syngur.
Einsöngvarar eru Guðmundur Vignir Karlsson og Hildigunnur Einarsdóttir.
Daði Kolbeinsson leikur á óbó.
Sif Margrét Tulinius leikur á fiðlu.
Stjórnandi og organisti er Hörður Áskelsson.
Hörður Áskelsson leikur jólatónlist á undan athöfn.

**25. desember. Jóladagur**
**Hátíðarguðsþjónusta kl. 14.00**
*Dr. Sigurður Árni Þórðarson prédikar og þjónar fyrir altari.*
Mótettukór Hallgrímskirkju syngur.
Organisti er Björn Steinar Sólbergsson.
Einsöngvari er Ásta Marý Stefánsdóttir.

**26. desember. Annar í jólum**
**Vonarlestrar og söngvar kl. 14.00**
*Sr. Irma Sjöfn Óskarsdóttir þjónar fyrir altari.*
Mótettukór Hallgrímskirkju syngur.
Stjórnandi og organisti er Hörður Áskelsson.
Lesarar úr hópi kórfélaga og messuþjóna.

**30. desember**
**Vonarlestrar og söngvar kl. 11.00**
Kór Menntaskólans í Hamrahlíð
Stjórnandi: Hreiðar Ingi Þorsteinsson
**Messa á ensku kl. 14.00**
**Hátíðarhljómar við áramót kl. 17.00**

**31. desember. Gamlársdagur**
**Hátíðarhljómar við áramót kl. 16.00**
**Aftansöngur kl. 18.00**
*Sr. Irma Sjöfn Óskarsdóttir prédikar og þjónar fyrir altari.*
Mótettukór Hallgrímskirkju syngur undir stjórn Harðar Áskelssonar.
Organisti er Björn Steinar Sólbergsson

**1. janúar. Nýársdagur**
**Hátíðarmessa kl. 14.00**
*Dr. Sigurður Árni Þórðarson prédikar og þjónar fyrir altari ásamt sr. Irmu Sjöfn Óskarsdóttur.* Messuþjónar aðstoða.
Mótettukór Hallgrímskirkju syngur.
Organisti er Hörður Áskelsson.

**Allir velkomnir**
**www.hallgrimskirkja.is**



# Víðistaðakirkja

*Helgihald um jól og áramót*

*Aftansöngur aðfangadag kl. 17:00*
Kór Víðistaðasóknar syngur undir stjórn Helgu Þórdísar Guðmundsdóttur.
**Einsöngur:**
Lilja Guðmundsdóttir sópran.
**Hljóðfæraleikur:** Vigdís Klara Aradóttir og Guido Bäumer.
**Prestur:** Sr. Bragi J. Ingibergsson sóknarprestur.

*Miðnæturguðsþjónusta aðfangadag kl. 23:30*
Flensborgarkórinn syngur undir stjórn Hrafnhildar Blomsterberg.
**Prestur:** Sr. Stefán Már Gunnlaugsson héraðsprestur.

*Hátíðarguðsþjónusta jóladag kl. 14:00*
Kór Víðistaðasóknar syngur undir stjórn Helgu Þórdísar Guðmundsdóttur.
**Einsöngur:**
Snæfríður María Björnsdóttir.
**Prestur:** Sr. Bragi J. Ingibergsson sóknarprestur.

*Helgistund gamlársdag kl. 17:00*
Kór Víðistaðasóknar syngur undir stjórn Helgu Þórdísar Guðmundsdóttur.
**Prestur:** Sr. Bragi J. Ingibergsson sóknarprestur.



# GUÐRÍÐARKIRKJA

**Þorláksmessa** 23. des.
**Helgistund** kl. 11:00
Prestur sr. Karl V.Matthíasson.

**Aðfangadagur** 24. des.
**Aftansöngur** kl. 18:00
Prestar sr. Karl V.Matthíasson og sr. Leifur Ragnar Jónsson. Organisti Hrönn Helgadóttir og kór Guðríðarkirkju syngur, Heiðdís Hanna Sigurðardóttir syngur einsöng. Kirkjuvörður Lovísa Guðmundsdóttir.

**Jóladagur** 25. des.
**Hátíðarguðsþjónusta** kl. 14:00
Prestur sr. Leifur Ragnar Jónsson. Organisti Hrönn Helgadóttir og kór Guðríðarkirkju syngur. Kirkjuvörður Lovísa Guðmundsdóttir.

**28. desember**
**Vængjamessa** kl. 20:00
Prestar frá Guðríðarkirkju, Grafarvogskirkju og Árbæjarkirkju þjóna í messunni. Þar mun fólk koma og deila hvað lífið getur breyst úr erfiðleikum í gleði. Sylvía Rún Guðnýjardóttir syngur einsöng. Kirkjuvörður Lovísa Guðmundsdóttir.

**31. desember**
**Aftansöngur** kl. 17:00
Prestur sr. Karl V.Matthíasson. Organisti Hrönn Helgadóttir og kór Guðríðarkirkju syngur. Kirkjuvörður Guðný Aradóttir.



# HELGIHALD Í DIGRANESKIRKJU UM JÓL OG ÁRAMÓT

**Aðfangadagur jóla 24. des.**
**Jólagleði í Digraneskirkju kl. 15**
Fjölskyldustund með jólasálmum og jólagleði. Góðgæti í safnaðarsalnum á eftir. Prestur: sr. Gunnar Sigurjónsson. María Magnúsdóttir annast um tónlist og söng.
**Aftansöngur kl. 18**
Kór Digraneskirkju.
Prestur: sr. Gunnar Sigurjónsson.
Organisti: Sólveig Sigríður Einarsdóttir. Einsöngvarar: Einar Clausen & Sandra Lind Þorsteinsdóttir

**Jóladagur 25. des.**
**Hátíðarguðsþjónusta kl. 14:00**
Kór Digraneskirkju
Prestur: Sr. Gunnar Sigurjónsson.
Organisti: Sólveig Sigríður Einarsdóttir. Einsöngvari: Una Dóra Þorbjörnsdóttir

**Sunnudagur 30. des.**
**Jólastund eldri borgara í Hjallakirkju kl. 14:00**
Vönduð dagskrá. Söngvinir, kór eldri borgara í Kópavogi annast um sönginn. Eftir stundina er boðið upp á kaffi og ýmislegt góðgæti. Allir eru velkomnir.

**Gamlársdagur 31. des.**
**Aftansöngurinn á gamlárskvöld kl. 16:00**
Kór Digraneskirkju. Aftansöngurinn á gamlárskvöld er gjarnan sambland af því hefðbundna og óhefðbundna í tónlist og töluðu máli. Sr. Gunnar Sigurjónsson annast um helgihaldið. Organisti: Sólveig Sigríður Einarsdóttir.

# GUÐSÞJÓNUSTUR Í GRAFARVOGSKIRKJU Á AÐVENTU, JÓLUM OG UM ÁRAMÓT 2018 – 2019



**Jólin eru að koma**
**Þorláksmessa**
**23. Desember kl. 11:00**
Kyrrðar- og fyrirbænastund. Séra Arna Ýrr Sigurðardóttir þjónar. Hákon Leifsson er organisti. Heitt súkkulaði og piparkökur eftir stundina.

**Aðfangadagur jóla**
**24. desember**
**Jólastund barnanna kl. 15:00**
Syngjum saman jólalög, hlustum á sögu og höfum það huggulegt. Umsjón með stundinni hefur Pétur Ragnhildarson. Undirleikari er Stefán Birkisson.

**Aftansöngur kl. 18:00**
**í Grafarvogskirkju**
Séra Grétar Halldór Gunnarsson þjónar og prédikar. Einsöngvari er Margrét Eir Hönnudóttir. Auður Hafsteinsdóttir leikur á fiðlu og Sigurgeir Agnarsson leikur á Selló. Kirkjukór- og Barnakór Grafarvogskirkju leiða söng. Organisti er Hákon Leifsson og stjórnandi barnakórsins er Sigríður Soffía Hafliðadóttir.

*Ekki verður sýnt beint frá aftansöng á Stöð2 í ár en það verður aftur á dagskrá að ári.*

**Aftansöngur kl. 18:00 í Kirkjuselinu í Spöng**
Séra Guðrún Karls Helgudóttir þjónar og prédikar. Einsöngvari er Elmar Gilbertsson. Vox Populi leiðir söng. Organisti er Hilmar Örn Agnarsson. Björg Brjánsdóttir leikur á þverflautu.

**Miðnæturguðsþjónusta í Grafarvogskirkju kl. 23:30**
Séra Sigurður Grétar Helgason þjónar. Kammerkór Grafarvogskirkju syngur og organisti er Hákon Leifsson.

**Jóladagur 25. desember**
**Hátíðarguðsþjónusta kl. 14:00**
Séra Arna Ýrr Sigurðardóttir þjónar og prédikar. Einsöngvari er Magnea Tómasdóttir. Kór Grafarvogskirkju syngur og organisti er Hákon Leifsson.

**Hátíðarguðsþjónusta á Hjúkrunarheimilinu Eir kl. 15:30**
Séra Arna Ýrr Sigurðardóttir prédikar og þjónar. Einsöngvari er Magnea Tómasdóttir. Kór Grafarvogskirkju leiðir söng og organisti er Hákon Leifsson.

**Annar í jólum 26. desember**
**Jólastund við jötuna**
Séra Sigurður Grétar Helgason þjónar. Barnakór Grafarvogskirkju syngur undir stjórn Sigríðar Soffíu Hafliðadóttur. Organisti er Hákon Leifsson.

**Gamlársdagur 31. desember**
**Aftansöngur kl. 18:00**
Séra Sigurður Grétar Helgason prédikar og þjónar. Einsöngvari er Sigrún Hjálmtýsdóttir, Diddú. Kór Grafarvogskirkju syngur og organisti er Hákon Leifsson.

**Nýársdagur 1. janúar**
**Hátíðarguðsþjónusta kl. 14:00**
Séra Guðrún Karls Helgudóttir prédikar og þjónar. Einsöngvari er Hallveig Rúnarsdóttir. Kór Grafarvogskirkju syngur og organisti er Hákon Leifsson.



# GARÐASÓKN Í GARÐABÆ

**Aðfangadagur 24. desember**
**18:00** Aftansöngur í Vídalínskirkju. Sr Jóna Hrönn Bolladóttir. Hallveig Rúnarsdóttir syngur einsöng.
**23:30** Miðnæturguðsþjónusta í Garðakirkju. Sr. Henning Emil Magnússon. Erla Björg Káradóttir syngur einsöng.

**Jóladagur 25. desember**
**14:00** Hátíðarmessa í Vídalínskirkju. Sr. Jóna Hrönn Bolladóttir. Sr. Bjarni Karlsson predikar. Hlöðver Sigurðsson syngur einsöng.
**15:30** Hátíðarguðsþjónusta í Ísafold. Sr. Hans Guðberg Alfreðsson og Helga Björk Jónsdóttir, djákni.

**Annar jóladagur 26. desember**
**14:00** Fjölskylduguðsþjónusta með hátíðarbrag í Vídalínskirkju. Sr. Jóna Hrönn Bolladóttir og Matthildur Bjarnadóttir. Gospelkórar kirkjunnar syngja. Jóhanna Guðrún Jónsdóttir syngur einsöng.

**Gamlársdagur 31.desember**
**17:00** sameiginlegur aftansöngur Garðaprestakalls í Bessastaðakirkju. Sr. Henning Emil Magnússon

**Nýársdagur 1. janúar**
**14:00** Sameiginleg hátíðarmessa Garðaprestakalls í Vídalínskirkju. Sr. Henning Emil Magnússon. Guðfinnur Sigurvinsson bæjarfulltrúi, flytur ávarp. Rannveig Káradóttir syngur einsöng.
**15:30** Hátíðarguðsþjónusta í Ísafold, Sr. Henning Emil Magnússon



# Áskirkja

*Helgihald um jól og áramót*

*Aðfangad. jóla, 24. des.*
**Aftansöngur kl. 18.**
Sr. Sigurður Jónsson sóknarprestur prédikar og þjónar fyrir altari. Sungnir Hátíðasöngvar séra Bjarna Þorsteinssonar. Kór Áskirkju syngur. Einsöngur Guðmundur Karl Eiríksson. Organisti Bjartur Logi Guðnason.

*Jóladagur, 25. des.*
**Hátíðarguðsþjónusta á Skjóli kl. 13.**
Félagar úr Kór Áskirkju syngja.
**Hátíðarguðsþjónusta í Áskirkju kl. 14.**
Sr. Sigurður Jónsson sóknarprestur prédikar og þjónar fyrir altari ásamt Kristnýju Rós Gústafsdóttur djákna. Sungnir Hátíðasöngvar séra Bjarna Þorsteinssonar. Kór Áskirkju syngur. Organisti Bjartur Logi Guðnason.

*Föstudagur 28. des.*
**Jólaguðsþjónusta á Dalbraut 27 kl. 14.**
*Gamlárskvöld, 31. des.*
**Aftansöngur kl. 18.**
Séra Ása Laufey Sæmundsdóttir prédikar og þjónar fyrir altari. Sungnir Hátíðasöngvar séra Bjarna Þorsteinssonar. Kór Áskirkju syngur. Organisti Bjartur Logi Guðnason.

*Föstudagur 4. jan. 2019*
**Guðsþjónusta í Norðurbrún 1 kl. 14.**
*Sunnudagur 6. jan.*
**Messa kl. 11.**

**Gleðileg jól! Farsælt komandi ár!**
**Þökkum árið sem er að líða.**
*Sóknarprestur, sóknarnefnd og starfsfólk Áskirkju.*



# HELGIHALD Í DÓMKIRKJUNNI

**Aðfangadagur jóla** 24. des.
**15.00 Dönsk messa** Séra Ragnheiður Jónsdóttir, Bergþór Pálsson syngur.
**18.00 Aftansöngur** Séra Elínborg Sturludóttir prédikar og séra Sveinn Valgeirsson þjónar fyrir altari.
**23.30 Miðnæturguðþjónusta** Þá verða lesnir og sungnir níu lestrar og sálmar í Dómkirkjunni. Guðsþjónustan á sér fyrirmynd í guðsþjónustu sem fram hefur farið í Kings College í Cambridge á Bretlandi óslitið frá 1918 og hefur þessari guðsþjónustu verið útvarpað á BBC frá 1928. Í níu stuttum ritningarlestrum úr 1. Mósebók, spámannaritunum og guðspjöllunum, er rakin saga mannkyns allt frá syndafallinu, lesin fyrirheitin um Messías og sögð sagan af fæðingu Jesú. Á milli lestra syngur söfnuðurinn jólasálma.

**Jóladagur** 25. des.
**11.00 Hátíðarmessa** Biskup Íslands, frú Agnes M. Sigurðardóttir prédikar, sr. Sveinn Valgeirsson og séra Elínborg þjóna fyrir altari.
**20.20 Bach tónleikar Ólafs Elíassonar**

**Annar dagur jóla** 26. des.
**11:00 Messa** Sr. Sveinn Valgeirsson.

**Sunnudagur milli jóla og nýárs** 30. des.
**11.00 Messa** Sr. Elínborg Sturludóttir.

**Gamlársdagur** 31. des.
**18.00 Aftansöngur** Sr. Sveinn Valgeirsson prédikar og Sr. Elínborg Sturludóttir þjónar fyrir altari.

**Nýársdagur** 1. jan.
**11.00 Hátíðarmessa** Biskup Íslands Agnes M. Sigurðardóttir prédikar og dómkirkjuprestar þjóna fyrir altari.
**20.20 Bach tónleikar Ólafs Elíssonar.**

*Dómkórinn syngur og Kári Þormar, dómorganisti leikur á orgelið við guðþjónusturnar. Hjartanlega velkomin í Dómkirkjuna.*

# Hátíðardagskrá Árbæjarkirkju um jólin

**Aðfangadagskvöld**
**24. desember**
**Aftansöngur kl. 18.00**
**Hátíðarguðsþjónusta kl. 18.00.**
Sr. Petrína Mjöll Jóhannesdóttir þjónar fyrir altari og prédikar. Bergþór Pálsson syngur. Matthía B. Nardeau óbóleikari. Kór Árbæjarkirkju leiðir hátíðarsöng undir stjórn kórstjórans og organistans Krisztinu K. Szklenár.

**Náttsöngur kl. 23.00**
Sr. Þór Hauksson þjónar fyrir altari og prédikar. Rósalind Gísladóttir einsöngur. Sólrún Gunnarsdóttir fiðla. Kór Árbæjarkirkju leiðir hátíðarsöng undir stjórn kórstjóra og organistans Krisztinu K. Szklenár.

**Jóladagur**
**25. desember**
**Hátíðarguðsþjónusta kl.14.00**
sr. Petrína Mjöll Jóhannesdóttir þjónar fyrir altari og prédikar. Margrét Einarsdóttir syngur einsöng.

**Annar dagur jóla**
**26. desember**
***Jólaguðsþjónusta við kertaljós í Árbæjarkirkju Árbæjarsafni kl. 11.00***
Sr. Þór Hauksson þjónar fyrir altari og prédikar. Kirkjukórinn leiðir hátíðarsöng undir stjórn kórstjórans og organistans Krisztinu K. Szklenár.

**Gamlársdagur**
**31. desember**
**Hátíðarguðsþjónusta kl. 17.00**
Sr. Þór Hauksson þjónar fyrir altari og prédikar. Kór Árbæjarkirkju leiðir hátíðarsöng. Organisti Péter Maté.

**Nýársdagur**
**1. janúar 2019**
**Guðsþjónusta kl. 14.00**
Sr. Þór Haukssonar þjónar fyrir altari og prédikar. Kirkjukórinn leiðir hátíðarsöng. Organisti Guðmundur Ómar.



# NESKIRKJA

**Aðfangadagur**
**24. desember**
**16.00 Jólastund barnanna**
Barnakórar Neskirkju syngja, helgileikur og jólasaga.
**18.00 Aftansöngur – Hátíðartón**
Kór Neskirkju syngur, einsöngur Fjölnir Ólafsson.
**23.30 Nóttin var sú ágæt ein:**
**Söngvar á jólanótt**
Háskólakórinn syngur.

**Jóladagur**
**25. desember**
**14.00 Hátíðarmessa**
Kór Neskirkju og Drengjakór Reykjavíkur syngja.

**Annar í jólum**
**26. desember**
**11.00 Jólaskemmtun barnastarfsins**
Helgistund fyrir alla fjölskylduna í kirkjunni og jólaball í safnaðarheimilinu. Góðir gestir líta við.

**Gamlársdagur**
**31. desember**
**18.00 Aftansöngur – Hátíðartón**
Kór Neskirkju syngur.

**Nýársdagur**
**1. janúar 2019**
**14.00 Hátíðarmessa**
Kór Neskirkju syngur.

*Prestar Neskirkju, sr. Skúli S. Ólafsson og sr. Steinunn Arnþrúður Björnsdóttir þjóna í öllum athöfnum. Organisti er Steingrímur Þórhallsson.*

# Syngja sundur og saman

**Ein ástsælasta söngkona þjóðarinnar, Sigrún Hjálmtýsdóttir eða Diddú eins og flestir þekkja hana, syngur við messu í Grafarvogskirkju á gamlársdag klukkan sex. Á aðfangadagskvöld ætlar hún að njóta þess að hlusta á aftansöng frá Dómkirkjunni í útvarpinu.**




Sigríður Inga Sigurðardóttir
sigriduringa@frettabladid.is


Aðventan hefur verið einkar annasöm hjá Diddú og hún hlakkar til að njóta jólanna í faðmi fjölskyldunnar á fallegu heimili sínu í Mosfellsdalnum. „Ég hef það fyrir hefð að hvíla mig yfir sjálfa jólahátíðina eftir allan sönginn á aðventunni. Jólin eru heilög í mínum huga,“ segir Diddú brosandi í jólaskapi.

Á aðfangadag er hún meira og minna að snúast í eldhúsinu en hún á von á góðum gestum. „Við verðum sjö saman á aðfangadagskvöld en ég á von á dætrum mínum, tengdasyni, barnabarni og tengdamóður minni í mat. Eins og hjá mörgum eru ýmsar þarfir sem þarf að uppfylla. Við hjónin höfum alltaf haft rjúpur í jólamatinn en eftir að tengdamamma varð ein hefur hún verið hjá okkur á jólum og hún fær sinn hamborgarhrygg, eins og hún er vön. Ein dóttirin er vegan og fær sína hnetusteik en allir fá sama meðlætið,“ segir Diddú en hún er vel kunn fyrir að vera listakokkur.

## Sungið saman í áratugi

Mörg undanfarin ár hefur Diddú sungið við messu á jóladag í Mosfellskirkju en í ár verður breyting þar á. „Ég mun syngja á tónleikum í Eldborg í Hörpu á annan í jólum og er því aðeins að spara mig. Þar mun ég stíga á svið með vini mínum, Agli Ólafssyni, sem heldur hátíðartónleika. Það er dálítið óvanalegt að vera með svona stóra tónleika á annan í jólum og það verður gaman að fá að taka þátt í því,“ segir Diddú glaðlega en þau Egill hafa þekkst í áratugi.

„Já, við höfum þekkst frá því við vorum unglingar. Við Egill sungum fyrst saman þegar ég var nítján ára og þeir strákarnir í Spilverki þjóðanna voru þá rétt rúmlega tvítugir. Við Egill höfum sungið sundur og saman allar götur síðan,“ segir Diddú og hlær sínum smitandi hlátri.

## Söng í kjallara kirkjunnar

Á gamlársdag fá gestir Grafarvogskirkju að njóta hennar fögru raddar en þá syngur Diddú í messu klukkan sex. „Ég hef ekki tölu á hversu oft ég hef sungið á þessum merkisdegi í Grafarvogskirkju. Ég byrjaði að syngja þar áður en stóra kirkjan sjálf var vígð og athafnirnar fóru fram niðri í kjallara – það er orðið svo langt síðan,“ segir hún.

Diddú ætlar að syngja Ave Maríur, eins og hún segir sjálf, og fleiri hátíðleg lög og vonast til að fá sem flesta í messuna. „Það er svo gaman að syngja falleg lög sem tengjast kirkjunni og þessari árstíð. Við erum að kveðja árið sem er að líða með þakklæti í huga.“

Þegar Diddú er spurð hvort hún sé trúuð svarar hún því játandi. „Já, ég er það. Mér líður alltaf afskaplega vel í kirkju og er svo lánsöm að fá að starfa mikið í kirkjum.“

Undanfarnar vikur hefur Diddú sungið á fjölda tónleika, bæði hér suðvestanlands og einnig norðan heiða. „Ég söng á mínum árlegu tónleikum í Mosfellskirkju og hef einnig sungið með ýmsum söngvurum og kórum. Ég fór norður á Akureyri á dögunum og söng á fimm tónleikum með Friðriki Ómari og fleiri frábærum söngvurum í menningarhúsinu Hofi. Ég dreifi mér eins og ég get, svo allir fái nokkra tóna frá mér,“ segir Diddú með bros á vör.



**Diddú segir gaman að syngja falleg lög sem tengjast kirkjunni og þessari árstíð og kveðja árið sem er að líða með þakklæti í huga.** MYND/SIGTRYGGUR ARI








## AÐVENTA OG JÓL Í LANGHOLTSKIRKJU

**Þorláksmessa - fjölskyldustund kl. 11**
Fjölskyldustund í aðdraganda jóla. Gradualekór Langholtskirkju tekur lagið fyrir kirkjugesti. Léttur hádegisverður í safnaðarheimili eftir samveruna. Sr. Guðbjörg Jóhannesdóttir þjónar. Organisti er Magnús Ragnarsson.

**Aðfangadagur - aftansöngur jóla kl. 18**
Sr. Guðbjörg Jóhannesdóttir þjónar. Organisti Magnús Ragnarsson. Kór Langholtskirkju syngur ásamt eldri félögum. Kristín Sveinsdóttir syngur einsöng.

**Jóladagur - söngvar og lestrar jólanna kl. 14**
Komdu og syngdu með okkur alla uppáhalds jólasálmana. Sr. Guðbjörg Jóhannesdóttir þjónar. Organisti Magnús Ragnarsson. Kór Langholtskirkju leiðir safnaðarsöng.

**Annan í jólum - fjölskyldumessa kl. 14**
Sr. Jóhanna Gísladóttir þjónar. Barnakórarnir Graduale Liberi og Graduale Futuri undir stjórn Sunnu Karenar Einarsdóttur og Rósu Jóhannesdóttur flytja helgileik og taka lagið fyrir kirkjugesti. Organisti er Magnús Ragnarsson.

**Gamlársdagur - aftansöngur kl. 18**
Sr. Jóhanna Gísladóttir þjónar. Organisti Magnús Ragnarsson. Kór Langholtskirkju syngur ásamt eldri félögum. Ólafur Freyr Birkisson syngur einsöng. Messunni verður útvarpað á Rás 1.

*Allar nánari upplýsingar um starf og helgihald í kirkjunni er að finna á heimasíðu kirkjunnar www.langholtskirkja.is. Sóknarnefnd, starfsfólk og sjálfboðaliðar Langholtskirkju biðja öllum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári með þökk fyrir árið sem er að líða.*





## HVERAGERÐIS-PRESTAKALL
## JÓL OG ÁRAMÓT 2018

**Helgistund í Kotstrandarkirkju**
**Kotstrandarkirkja**
**24. des. – Aðfangadagur kl. 13:00**
Unnur Birna og Dagný Halla Bassadætur leika hugljúfa jólatónlist. Friðarloginn tendraður. Sr. Gunnar Jóhannesson leiðir stundina.

**Aftansöngur**
**Hveragerðiskirkja**
**24. des. – Aðfangadagur kl. 18:00**
Kirkjukór Hveragerðis- og Kotstrandasókna syngur við undirleik Örlygs Atla Guðmundssonar organista. Prestur sr. Gunnar Jóhannesson.

**Hátíðarguðsþjónusta**
**Kotstrandarkirkja**
**25. des. – Jóladagur kl. 14:00**
Kirkjukór Hveragerðis- og Kotstrandasókna syngur við undirleik Örlygs Atla Guðmundssonar organista. Prestur sr. Gunnar Jóhannesson.

**Aftansöngur**
**Hveragerðiskirkja**
**31. des. – Gamlársdagur kl. 17:00**
Kirkjukór Hveragerðis- og Kotstrandasókna syngur við undirleik Örlygs Atla Guðmundssonar organista. Prestur sr. Gunnar Jóhannesson.





## LINDAKIRKJA

**Aðfangadagur**
16:00 **Jólastund fjölskyldunnar**
Barnakór Lindakirkju og Unglingagospelkór Lindakirkju syngja undir stjórn Áslaugar Helgu Hálfdánardóttur. Píanóleikur: Matthías Baldursson. Helgileikur, jólasagan og fl.
18:00 **Aftansöngur**
Kór Lindakirkju syngur undir stjórn Óskars Einarssonar. Steinar Matthías Kristinsson leikur á trompet. Sr. Guðmundur Karl Brynjarsson þjónar.
23:30 **Miðnæturmessa**
Kór Lindakirkju syngur undir stjórn Óskars Einarssonar. Steinar Matthías Kristinsson leikur á trompet. Sr. Guðni Már Harðarson þjónar.

**Jóladagur**
11:00 **Hátíðarguðsþjónusta**
Söngkonurnar Bylgja Dís Gunnarsdóttir sópran, Erla Björg Káradóttir sópran og Jóhanna Héðinsdóttir mezzósópran syngja. Antonía Hevesí leikur á flygilinn. Sr. Dís Gylfadóttir þjónar.

**Annar í jólum**
11:00 **Sveitamessa**
Jólasálmarnir með alþýðlegum blæ. Kór Lindakirkju syngur. Óskar Einarsson stjórnar bæði kór og hljómsveit. Sérstakur gestur er Regína Ósk Óskarsdóttir söngkona. Sr. Guðmundur Karl Brynjarsson þjónar.

**30. desember - sunnudagur**
11:00 **Jólaball sunnudagaskólans**
Óvæntir gestir kíkja í heimsókn.

**Gamlársdagur**
17:00 **Hátíðarguðsþjónusta**
Kór Lindakirkju syngur undir stjórn Óskars Einarssonar. Sérstakur gestur er söngkonan og fiðluleikarinn Gréta Salóme. Sr. Dís Gylfadóttir þjónar.





## JÓL Í HJALLAKIRKJU

**Þorláksmessa kl. 11.00**
**4. í aðventu – Þorláksmessustund í kirkjunni**
Á Þorláksmessu bjóðum við upp á kakó og kósý. Markús og Heiðbjört syngja jólalög og taka vel á móti gestum og gangandi. Sr. Karen Lind leiðir stundina og Lára Bryndís organisti spilar ljúfa jólatónlist.

**Aðfangadagur kl. 18.00**
**Aftansöngur á aðfangadag**
Prestar sr. Sunna Dóra Möller og sr. Bolli Pétur Bollason. Kór Hjallakirkju syngur undir stjórn Láru Bryndísar Eggertsdóttur organista. Hátíðasöngvar Sr. Bjarna.

**Jóladagur kl. 14.00**
**Jólasöngvar og kertaljós**
Jóladagshelgistund með ljúfum söngvum í kirkjunn. Prestur sr. Sunna Dóra Möller. Kór Hjallakirkju syngir undir stjórn Láru Bryndísar Eggertsdóttur organista.

**30. desember kl. 14.00**
**Messa eldri borgara**
Sameiginleg messa eldri borgara í samstarfi við Digraneskirkju. Kór eldri borgara syngur undir stjórn Kristjáns Hrannars Pálssonar. Kaffi og meðlæti í safnaðarheimili að messu lokinni. Prestur sr. Karen Lind Ólafsdóttir.

**Gamlársdagur kl. 17.00**
**Aftansöngur**
Prestar sr. Karen Lind Ólafsdóttir og sr. Páll Ágúst Ólafsson. Kór Hjallakirkju syngur undir stjórn Láru Bryndísar Eggertsdóttur organista. Hátíðarsöngvar sr. Bjarna.

*Ath. ekki er messað á nýársdag og sunnudaginn 6. janúar. Barnastarf Hjallakirkju hefst að nýju fimmtudaginn 10. Janúar.*